



Minútu þögn til minningar um þá sem fóru of snemma. Það var magnþrungin stund á þyrlopalli bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi í gær þar sem árleg minningarathöfn um fórnarlömb umferðarslysna var haldin. Viðbragðsaðilar og aðstandendur stóðu hlið við hlið. Í lok október höfðu 1.564 einstaklingar látist í umferðarslysum hér á landi frá 1915. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Fær ekki leyfi til að þjálfva börn á pólsku

Eini talmeinafræðingurinn hér á landi sem veitir börnum af pólskum uppruna talþjálfun á móðurmálinu fær ekki starfsleyfi frá Landlækni. Umsagnar yfirmanns um tungumálakunnáttu krafist. Forsenda niðurgreiðslu frá Sjúkratryggingum að hún hafi starfsleyfi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Justyna Gotthardt, eini pólskumælandi talmeinafræðingurinn hér á landi, fær ekki fullgilt starfsleyfi frá Landlækni af því að íslenskir talmeinafræðingar vilja hvorki né geta veitt Landlækni umsögn um tungumálakunnáttu hennar. Af þessu leiðir að börn af pólskum uppruna fá talþjálfun á móðurmáli sínu ekki niðurgreiðda hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Justyna fékk tímabundið starfsleyfi sem talmeinafræðingur frá Landlækni í mars 2016. Í bréfi frá Landlækni var þess getið að til að öðlast varanlegt leyfi þyrfti hún að skila inn meðmælum frá vinnuveitanda um að tungumálakunnáttu hennar teljist viðunandi svo að öryggi og hagsmunir sjúklinga séu tryggðir en um er að ræða skilyrði samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegrum mennt-



Justyna Gotthardt.

un og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum.

Justyna fékk ekki slíka umsögn enda engum til að dreifa sem getur

gefið umsögn um tungumálakunnáttu hennar. Justyna fékk þó endurnýjun á tímabundna starfsleyfinu um ár í viðbót, með fyrirvara um tæða umsögn sem vantaði enn. Fjórum mánuðum síðar var starfsleyfi hennar hins vegar afturkallað og vísað til þess að hún hefði fengið endurnýjun fyrir mistök.

„Enginn talmeinafræðingur vildi hafa mig í verknámi, sem er skiljanlegt því við störfum alls ekki með

sama tungumálið.“ segir Justyna. Augljóst sé að umrætt skilyrði hafi enga þýðingu í sínu tilvik þar sem hún sinni eingöngu pólskum börnum.

„Að heyra af stöðu Justynnu, hvetur mig mjög til að greiða úr og leysa vanda hennar og annarra sem sinna mikilvægri þjónustu við börn af erlendum uppruna.“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. – **áá / sjá síðu 6**

### Borgin gaf gæði með lúsarleigu

**REYKJAVÍK** Kostnaður Reykjavíkurborgar við að gera upp Alliance-húsið að Grandagarði 2 nam 106 milljónum króna. Borgin keypti húsið á 350 milljónir árið 2012 en hefur síðan þá haft afar hóflegar leigutekjur af því.

Vigdís Hauksdóttir gagnrýnir lúsarleiguna og segir hróplegt ósamræmi í því hversu mikið herra verð borgin greiði í leigu en hún tekur sjálf í leigu fyrir húsnaði í sinni eigu. – **smj / sjá síðu 4**



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um Banksy listaverkið hans Jóns Gnarr. **9**

**SPORT** Ísland mætir Katar í síðasta landsleik ársins. **12**

**TÍMAMÓT** Gaukur á Stöng var opnaður fyrir 35 árum. **18**

**LÍFIÐ** Júlían J.K., sem bætti heimsmetið í réttstöðulyftu fyrir skömmu, segir að það sé töluvert erfið að finna fót á sig. Hann eigi alveg gallabuxur en gangi yfirleitt í stuttbuxum. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
**• FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmálakönnun Gallup apríl-júní 2015

VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN

Vaxtalaus afborgun af  
**ÖLLUM ÚRUM**  
**OG SKARTGRIPUM**

**M**  
MICHELSEN  
ÖRSMÍÐIR

michelsen.is

**NUTRILENK**  
öflugur liðstyrkur



**4BLS**  
**BÆKLINGUR**  
Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2



## Veður



Suðaustan 8-15 og dálitil væta við S- og V-ströndina, en annars mun hægari og léttskýjað. Híti 1 til 9 stig, hlýjast syðst. **SJÁ SÍÐU 20**

## Hlutun sæta borgarfulltrúa ekki samþykkt

**REYKJAVÍK** Forsætisnefnd felldi á fundi sínum í liðinni viku tillögu Sönnu Magdalenu Mörtudóttur um að dregið sé í sæti á fundum borgarstjórnar.

Á fundum borgarstjórnar hafa fulltrúar flokka yfirleitt setið í hnapp. Á Alþingi er sá hátturinn hafður á að í upphafi hvers þings er hlutað um sæti þingmanna og ræður tilviljun sætaskipan.

Í greinargerð tillögunnar, sem upphaflega var lögð fyrir í september, segir að slíkt gæti ýtt undir góðan starfsanda innan borgarstjórnar. Um tilraunaverkefni yrði að ræða og stæði það yfir fram að áramótum og yrði síðan kannað að því loknu hvort þessi skipan ætti að vera varanleg.

Á fundi forsætisnefndar í október var skrifstofu borgarstjóra falið að kanna hug kjörinna fulltrúa til tillögunnar. Sú umsögn var lögð fyrir fundinn og tekið mið af því þegar tillagan var felld. –joe



Sanna Magdalena Mörtdóttir, borgarfulltrúi Sósíalista.

## Eldurinn loks slökktur í gær

**ELDSVODI** Eftir að lögð hafði í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði í yfir fjórutíu klukkustundir tókst slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu loks að ráða endanlega niurlögum eldsins í gær. Eyðileggingin í húsnæðinu við Hvaleyrarbraut er algjör. Þrír bílar og lyftari eyðilögðust líka.

Veður og aðstæður torvelduðu slökkvistarf en gert var ráð fyrir því að lögreglan fengi vettvanginn afhentan í gærkvöldi. –smj

## Mótmæltu röskun á grafarró



Vinir Vikurgarðs komu saman í hinum forna kirkjugarði í gær til að mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum á reitnum. Hluti afkomenda þeirra sem þar hvíla lásu upp nöfn 600 einstaklinga sem voru grafnir þar. Verktakinn ítrekar að til standi að byggja á Landsímareit en ekki í garðinum sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Fleiri myndir frá mótmælunum er að finna á +PLÚS-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

## Telja að götur séu öruggar fyrir leik barna

**ALÞINGI** Samtök um billausan lífstíl (SUBL) leggja til að bann við leik á vegum verði fellt úr frumvarpi til nýrra umferðarlaga áður en það verður samþykkt. Þetta kemur fram í umsögn félagsins við frumvarpið.

Í fimmtu grein frumvarpsins segir að eigi megi vera að leik á vegi þannig að til óþæginda verði fyrir umferð. Ákvæðið er samhljóða sjöttu grein núgildandi laga.

„Áður en Reykjavík var skilgreind út frá ferðum fólks í bifreiðum var göturýmið það öruggt að börn gátu verið að leik þar án þess að eiga á hættu að verða undir bifreiðum,“ segir í umsögn SUBL.

Samtökin telja sjálfsagt að leikið sé á vegum séu þeir nægilega öruggir til þess. Því ætti að fella greinina út svo að borgarland, og vegir þar með taldir, geti verið hannað með leiki í huga. –joe

# Ríkislögmaður vikur sæti vegna föður síns

Einar Karl Hallvarðsson er vanhæfur til að fjalla um bætur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Faðir hans var lykilmaður í rannsókninni á 8. áratugnum. Andri Árnason hefur verið settur ríkislögmaður í hans stað vegna málsins.

**GEIRFINNSMÁL** Andri Árnason lögmaður hefur verið settur ríkislögmaður í bótamálum þeirra sem sýknaðir voru á dögnum um aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns Einarssona, vegna vanhæfis Einarss Karls Hallvarðssonar. Hallvarður Einarsson, faðir Einarss Karls var vararíkissaksóknari þegar rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálum hófst í Reykjavík í kringum áramótin 1975-76. Hann kom mjög svo að rannsókn málana, var viðstaddur bæði formlegar og óformlegar yfirheyrslur yfir sakborningum og sótti dómþing vegna málsins fyrir hönd ákærvaldsins í sakadómi Reykjavíkur.

Hann var skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins árið 1977 og lét af því starfi þegar hann var skipaður ríkissaksóknari árið 1986. Sævar Marínó kvartaði ítrekað undir framgöngu Hallvarðs meðan málin voru til rannsóknar. Sagði hann Hallvarð meðal annars hafa hótad sér því að láta hann týnast í amerísku fangelsi játaði hann ekki sakir í málinu. Einnig hafi Hallvarður hótad því að henda Sævari í sjóinn til að reyna vatnshræðslu hans. Við rannsókn á ætluðu harðræði við rannsókn málsins sem fram fór á árinu 1979, hafði Hallvarður bæði stöðu vitnis og sakbornings. Hallvarður Einarsson lést í desember 2016.

Í kjölfar sýknuðoms Hæstaréttar í síðasta mánuði skipaði forsætisráðherra Kristrúnu Heimisdóttur til að leiða sáttanefnd og leita sátta milli ríkisins og hina sýknuðu. Mun það hafa valdið nokkrum ruglingi að Katrín skyldi einnig setja Andra Árnason sem að hoc ríkislögmann



Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður er vanhæfur í málinu vegna föður síns sem kom að rannsókn málsins á 8. áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Andri Árnason lögmaður.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

vegna málsins og ríkið þannig komið með tvo forystumenn fyrir sig í bótavíðræðurnar.

„Ríkislögmaður vinnur að málinu með sáttanefndinni þar sem hún hefur ekki umboð lögum samkvæmt til að semja um greiðslu bóta úr ríkissjóði. Það umboð er formlega hjá ríkislögmanni,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og bætir við: „vegna vanhæfis Einarss Karls, setti ég Andra Árnason lögmann

fyrir hann sem fulltrúa í nefndinni.“ Katrín segir Andra hafa verið valinn vegna mikillar reynslu á þessu sviði. Vanhæfi Einarss Karls hafi legið fyrir frá öndverðu og ekki verið umdeilt af hálfu neins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur formaður sáttanefndar átt óformleg samtöl við flesta hlutaðeigandi en formlega eru víðræður um bætur skammt á veg komnar. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)



## M18 FCOT

Aluöru hjámiðja frá Milwaukee

Öflugur Milwaukee mótör skilar 14000 til 24000 strokum á mínútu.

REDLINK™ yfirrálagsvörn

REDLITHIUM-ION™ rafhlaða.

Sveigjanlegt rafhlöðuakerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 29.900 kr. (án rafhlöðu)

## VERKFÆRA SALAN

# PAKKADAGAR



Kynntu þér alla bílana á  
[pakkadagar.kia.is](http://pakkadagar.kia.is)

**Kia Optima  
Plug-in Hybrid**

Sparneytinn tengiltvinnbíl,  
54 km drægni á rafmagni  
og kemst allt að 976 km á  
fullum tanki og hleðslu.



Kia Optima PHEV

Verð frá **4.750.777 kr.**

Vetrar- eða ferðapakki fylgir, verðmæti allt að 350.000 kr.



## Fáðu þér nýjan Kia og kíktu strax í pakkann

Nú er rétti tíminn til að tryggja sér nýjan Kia því veglegur kaupuki fylgir völdum bílum. Þú getur valið stútfullan vetrarpakka af aukabúnaði eða spennandi ferðapakka með gjafabréfi út í heim. Þá fá allir sem kaupa nýjan bíl frá Kia 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind og allt að 50.000 kr. aukalega með því að snúa Lukkustýrinu.

Kynntu þér málið á [pakkadagar.kia.is](http://pakkadagar.kia.is)



+PLÚS




Á annað hundrad manns mættu á mótmælin og hlýddu á upplestur á nöfnum þeirra sem grafnir voru í Víkurgarði á fyrri hluta 19. aldar. Um sex hundruð nöfn voru lesin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vinir Víkurgarðs mótmæltu raski

Fyrirverandi forseti var meðal þeirra sem mótmæltu framkvæmdum í hinum forna Víkurgarði. Hluti afkomenda þeirra sem þar hvíla lásu upp nöfn einstaklinga sem þar eru grafnir. Framkvæmdir á Landsímareitnum voru stöðvaðar í liðinni viku eftir að kistuleifar komu úr jörðu. Verktakar segja að ekki sé verið að byggja í Víkurgarði heldur á Landsímareitnum. Það hafi staðið til síðan 1987 og mótmælin því tilefnislaus með öllu.



Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrirverandi forseti Íslands, tók til máls á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Minjastofnun stöðvaði framkvæmdir í liðinni viku vegna líkkistufundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ómar Ragnarsson var þungur á brún meðan nöfnin voru lesin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



# Mætti reka kirkjuna með hagnaði bara með tekjum af turninum

**KIRKJAN** Tekjur Hallgrímskirkju af seldum ferðum upp í útsýnisþall kirkjuturnsins námu rúmlega 279 milljónum króna á síðasta ári. Það er aukning um riflega 17 prósent milli ára en líkt og Fréttablaðið greindi frá í fyrra voru tekjur af útsýnisþallinum 238 milljónir árið 2016 en það var aukning um 77 milljónir milli ára. Til samanburðar þá námu tekjur af turnferðum 27 milljónum árið 2010. Fjöggun ferðamanna hefur skilað sér í umtalsverðum tekjum fyrir kirkjuna. Hallgrímssókn hefur í raun algjöra sérstöðu íslenskra sókna í tekjum

samkvæmt nýbirtu yfirliti Ríkisendurskoðunar yfir ársreikninga sókna fyrir árið 2016.

Þar má sjá að heildartekjur Hallgrímssóknar námu 377 milljónum. Þar af voru rúmar 32 milljónir í sóknargjöld frá ríkinu, 28,8 milljónir í önnur framlög og styrki en mest munar um liðinn „aðrar tekjur“ sem nemur 301 milljón. Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á þeim lið frá kirkjunni og þar má sjá að tekjur af útsýnisturninum eru um 279,3 milljónir, önnur sala nam 21,8 milljónum og sala minningarkorta nam 64 þús-

und krónum. Eins og sjá má þénar kirkjan riflega 250 milljónum meira en hún fær frá ríkinu í formi sóknargjalda, í styrki og önnur framlög sem samtals námu 61 milljón króna. Tekjuafgangur Hallgrímssóknar nam á síðasta ári 66 milljónum. Ef opinberra styrkja nyti ekki við hefði kirkjan samt skilað fimm milljóna hagnaði á síðasta ári.

Aðgangseyrir að turninum er í dag 1.000 krónur fyrir fullorðna og hefur hækkað um hundrað krónur milli ára, en gjaldið fyrir börn 6-16 ára er óbreytt í hundrað krónum.

„Það er mjög ánægjulegt að Hallgrímskirkja skuli hafa tekjur af turni og fleiru til að geta staðið undir rekstri kirkjunnar auk viðhalds sem hefur verið gríðarlega kostnaðarsamt á undanföllum árum,“ segir Sigrún Hjálmarstöðir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju. Hún segir ekki enn sjá fyrir endann á framkvæmdum þar sem fram undan sé enn frekara viðhald, viðgerðir og endurnýjun.

„Að auki er unnið að því að greiða niður lán vegna viðgerðar sem lauk árið 2008.“ – smj



Hallgrímskirkja gæti rekið sig með hagnaði bara á tekjum af turninum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



10-11 verslun Lág múli er ein þeirra sem Samkaup hefur keypt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Samkaup boðar breytingar

**VIÐSKIPTI** Samkaup hefur gengið frá kaupum á tólf verslunum Baskó á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal verslanir undir merkjum Iceland og valdar verslanir þar sem nú eru reknar 10-11 verslanir. Samkeppnisfirlitið hefur lagt blessun sína yfir kaupin.

Fréttablaðið greindi frá kaupunum í júlí síðastliðnum þegar samrunatilkynning sem Samkaup sendi Samkeppnisfirlitinu í júní var birt á vef eftirlitsins.

Omar Valdimarsson, forstjóri Samkaupa, telur að viðskiptin séu heilaskref fyrir neytendur og muni auka samkeppni.



Gunnar Egill Sigurðsson.

Kaupin ná til 10-11 verslana í Lág múla, Grímsbæ, Hjarðarhaga, Laugalæk, Borgartúni og Hafnarfirði, verslanir Iceland í Glæsibæ, Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka auk háskólaverslana í HI og HR.

„Það má búast við töluverðum breytingum á verslunum sem við munum skýra frá síðar,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa.

„Það er samt ljóst að öllu starfsfólki verður boðin áfram vinna hjá Samkaupum,“ segir Gunnar Egill í fréttatilkynningu vegna málsins. – smj

# Borgin hafi gefið frá sér gæði með lúsarleigu við Grandagarð

Eftir að borgin keypti Alliance-húsið að Grandagarði 2 á 350 milljónum árið 2012 voru 106 milljónir settar í að gera það upp að utan. Frá ársbyrjun 2013 hafa leigjendur í húsinu fengið kostakjör hjá borginni. Einn leigjenda dóttir þáverandi skrifstofustjóra hjá borginni. Vigdís Hauksdóttir segir leiguna úr öllum takti.

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg greiddi 106 milljónir króna fyrir að láta gera Alliance-húsið svokallaða upp að utan. Borgin keypti húsið að Grandagarði 2 af félagi athafnakonunnar Ingunnar Wernersdóttur árið 2012 á 350 milljónum. Nýverið var tilkynnt um sölu á húsinu og byggingarrétti á lóðinni í kringu á 900 milljónum. Borgarfulltrúi gagnrýnir hagstæð leigukjör í húsinu og segir borgina hafa verið að gefa frá sér gæði.

Sögusafnið og veitingahúsið Matur og drykkur eru með starfsemi í húsinu, þar er einnig Norðurljósa-sýning og nokkrir listamenn hafa haft aðstöðu á efri hæðum hússins. Húsið er selt með núverandi leigusamningum en þeir voru birtir með gögnum málsins í borgarráði. Þeir afhjúpa kostakjör leigjenda undanfarnar ár.

Fjórir leigjendur eru að nokkrum rýmum á efri hæð en stærð þeirra er ekki tilgreind. Samkvæmt samningnum, sem undirritaðir voru í nóvember 2012 og tóku gildi 1. janúar 2013, greiddu listamennirnir aðeins 15 þúsund krónur á mánuði í leigu. Meðal leigjenda að tveimur rýmum, bæði persónulega og í gegnum Gjörningaklúbbinn, er Sigrún Inga Hrólfsdóttir. Hún er dóttir Hrólfs Jónssonar, sem var þáverandi skrifstofustjóri skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg. Skrifstofunnar sem gerði samningana.

Samkvæmt svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins voru allir þessir leigjendur til staðar í húsinu þegar borgin keypti það og enginn



Grandagarður 2 verður seldur á 900 milljónum en borgin hefur haft höflegar leigutekjur af húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Vigdís Hauksdóttir.

þeirra greiddi leigu. Fréttablaðið spurði hvernig þessi leiguupphæð var ákvörðuð á sínum tíma en fékk aðeins þau svör að leiguupphæðin hafi verið samkomulag milli aðila.

Kjörin eru ekki síður hagstæð á tveimur stærri rýmum hússins. Félagið Bismarck ehf. leigir samkvæmt leigusamningi 444 fermetra byggingu að norðanverðu við aðalbygginguna á 400 þúsund krónum á mánuði, eða um 900 krónur fermetrann.

Sögusafnið Perlunni ehf. leigir svo alla 1. hæðina, alls 725,6 fermetra á 580.480 krónum, eða um 800 krónur leigusamningnum. Í öllum leigusamningnum er kveðið á um að upphæðir breytast með vísitölu til hækunar eða lækkunar mánaðarlega. Hafa tölurnar því hækkað lítillega frá undirritun.

Frá ársbyrjun 2013 hefur borgin því haft rúma milljón í leigutekjur af Grandagarði 2 á mánuði eða alls rúmar 72 milljónir á tímabilinu sem duga skammt upp í útlagðan kostnað við að gera upp húsið.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, hefur sjálf lagt fram fyrirspurn um húsið í borgarráði og segir ljóst að ekki sé allt með felldu.

„Ekki frekar en í öðrum verkefnum

borgarinnar að undanfögnu. Það er með ólíkindum að borgin sé sem leigusali að gera samninga á miklu hagstæðari kjörum en hún sjálf leigir húsnæði, á, til dæmis í Borgartúni,“ segir Vigdís.

Ljóst er að fermetraleiguverðið í Alliance-húsinu hefur verið enn lægra en til dæmis í Mathöllinni á Hlemmi, sem þó hefur sætt gagnrýni eftir fjárútlát borgarinnar.

„Þetta er svo úr takti við allt sem gengur og gerist,“ segir Vigdís um Alliance-húsið.

„Borgin er beinlínis að gefa frá sér gæði, takmarkaða auðlind, á fyrstu og annarri hæð þessa húss. Að leigja svona á innan við þúsund krónur fermetrann, fólk mun verða brjáláð.“

mikael@frettabladid.is

jeep.is

<p><b>RENEGADE</b> 2.0 DÍSEL, 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING, 4 DRIFSTILLINGAR, HÁTT OG LÁGT DRIF.</p>	<p><b>COMPASS</b> 2.0 DÍSEL, 140/170 HÖ. 2.0 BENSÍN, 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING, 4 DRIFSTILLINGAR.</p>	<p><b>CHEROKEE</b> 2.2 DÍSEL, 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING, 4 DRIFSTILLINGAR.</p>	<p><b>GRAND CHEROKEE</b> 3.0 DÍSEL, 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF.</p>
--	--	---	--

**JEEP. 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF. ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU**

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSÁÐILI JEEP Á ÍSLANDI · PVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE





# VIÐ ERUM 25 ÁRA!

Domino's fagnar 25 ára afmæli  
um hessar myndir og af því tilefni  
þjófum við fjölda glæsilegra og  
ljúffengra glaðninga á hverjum  
degi — alla vikuna!  
Fylgstu vel með og njóttu  
gleðinnar með okkur.





## Theresa May segir það muni lítt stöða að skipta sér út

**BRETLAND** Að skipta um hest í miðri á mun ekki gera útgöngu Breta úr Evrópusambandinu (ESB) auðveldari. Þetta segir Theresa May, forsætisráðherra Bretlands og formaður Ihladsflokksins.

Hart hefur verið sótt að May síðan hún kynnti drög að útgöngusamningi Breta við ESB. Útgönguráðherra ríkisstjórnar hennar, Dominic Raab, sagði meðal annars af sér eftir að drögin lágu fyrir og hið sama gerði

**Næstu sjö dagar munu verða afar mikilvægir fyrir framtíð Bretlands**

Theresa May, forsætisráðherra

eftirlauna- og vinnumálaráðherra hennar.

Þá hefur hluti flokkssystkina hennar kallað eftir því að kosði

verði um vantraust á forsætisráðherrann. Til að til slikrar atkvæðagreiðslu komi þurfa minnst 48 þingmenn flokksins að senda svokallaðri 1922-nefnd Ihladsflokksins bréf þar sem kallað er eftir atkvæðagreiðslunni. Enn sem komið er hefur því marki ekki verið náð en sagt er frá því á BBC að það gæti gerst í dag.

„Þetta hefur verið erfið vika en það hefur ekki fengið á mig. Pólitik er oft erfið og ég hef verið lengi í

henni. Næstu sjö dagar munu verða afar mikilvægir fyrir framtíð Bretlands,” sagði May í samtali við Sky News' Ridge í gær.

Í sama viðtali sagði hún að yrði vantrauststillaga samþykkt myndi það ekki gera samningaviðræður við sambandið auðveldari eða breyta stöðunni á breska þinginu en ólíklegt er talið að nauðsynlegt samþykki þingsins fáið vegna fyrirbyggjandi tillagna. – jõe



Theresa May, forsætisráðherra Bretlands. NORDIC PHOTOS/AFP



Í umsókn segir að efnistöku eigi að nota í Berufirði. MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

## Djúpivogur synjar frekari efnistöku

**DJÚPIVOGUR** Hreppstjórn Djúpavogshrepps synjaði á fundi sínum fyrir helgi beiðni Vegagerðar um aukna efnistöku úr Svartagilsnámu vegna vegagerðar við botn Berufjarðar.

Í bókun hreppsfulltrúa, sem samþykkt var samhljóða, segir að efnistöku úr námunnunni sé langt umfram heimildir sem fölust í framkvæmdaleyfi hreppsins til Vegagerðarinnar. Álitamál sé hvort frekari efnistöka samræmist aðalskipulagi hreppsins.

„Í ljósi þessa er það ákvörðun sveitarstjórnar að framkvæmdaleyfi vegna aukinnar efnistöku verði ekki veitt að svo stöddu og jafnframt að efnistöka úr námu við Svartagilslæk verði tafarlaust stöðvuð, sem og önnur efnistöka vegna framkvæmdarinnar,” segir þar enn fremur.

Vegagerðin áætlað að búið sé að taka 235 þúsund rúmmetra úr námunnunni og að taka þurfi um 49 þúsund rúmmetra til viðbótar. Heimild var fyrir töku 210 þúsund rúmmetra. – jõe

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Er reið yfir áhugaleysi kerfisins um börn af pólskum uppruna

Justyna Gotthardt sem veitir börnun með pólskan uppruna talþjálfun fær ekki starfsleyfi hér sem talmeinafræðingur. Landlæknir krefst umsagnar yfirmanns um tungumálakunnáttu. Skjólstaðingur hennar fá enga niðurgreiðslu frá Sjúkratryggingum nema hún hafi starfsleyfi. Hún tekur þá skerðingu á sjálfa sig.

**MENNTAMÁL** „Það ætti í rauninni allt að vinna með mér. Ég hef bæði rétta menntun, mikla starfsreyslu í Pólandi og öll leyfi og réttindi frá pólskum yfirvöldum, þar að auki er mjög mikil þörf fyrir þessa þjónustu hér á Íslandi,” segir Justyna Gotthardt, eini talmeinafræðingur landsins sem veitir börnum af pólskum uppruna talþjálfun á eigin móðurmáli, en fær ekki starfsréttindi hér á landi. Auk sérmenntunar í talmeinafræðum er Justyna með meistaraáráðu í pólsku. Hún hefur sérstakt leyfi frá pólskum yfirvöldum til að veita þjónustu til Pólvörja sem búsettir eru utan Póllands, þar á meðal á Íslandi. Menntamálaráðuneytið hefur veitt henni réttindi til að starfa sem kennari en Justyna er skólastjóri pólska skólans.

Justyna kærði synjun Landlæknis um varanlegt starfsleyfi til velferðaráðuneytisins, sem staðfesti ákvörðun Landlæknis. Justyna hefur nú kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna málsins og bíður niðurstöðu hans.

Aðspurð segir Justyna talþjálfun á móðurmálinu mjög mikilvæga. „Ég hef fengið börn til mín sem eru í rauninni alls ekki talandi vegna þess að þau hafa ekki fengið viðeigandi aðstoð á pólsku en því betur sem börnunum gengur með sitt eigið móðurmál, því betur mun þeim ganga að læra íslenskuna,” segir Justyna og undirstrikar að pólskan sé algjör undirstaða fyrir annað tungumál þeirra; íslenskuna. Hún nefnir einnig tengda þjónustu sem hún veitir eins og málþroskaþróf sem mikilvægt sé að börnin taki á eigin móðurmáli. Hún segir mikið til sín leitað af skólum og leikskólum þegar



Justyna Gotthardt tekur pólsk börn í talþjálfun og greiningar á skrifstofu sinni í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Ég hef fengið börn til mín sem eru ekki talandi því þau hafa ekki fengið aðstoð á pólsku.**

Justyna Gotthardt talmeinafræðingur

komið er í öfni og allir orönnir ráðalausir.

Justyna segist bæði reið og döpur vegna þessa áhuga- og viljaleysis Landlæknis og ráðuneytisins gagnvart þeirri þjónustu sem hún veitir börnum með pólskan uppruna. Hún segist hins vegar vita til fleiri dæma

um viðhorf til pólskra starfsréttinda.

„Það er ekki bara ég í þessum vandræðum heldur skilst mér að aðrar starfstéttir hafi líka lent í vandræðum með að fá starfsréttindi sín viðurkennd hér,” segir Justyna og nefnir bæði námsráðgjafa, sálfræðinga og sjúkraþjálfara sem hún hafi heyrt um.

Pólski skólinn varð 10 ára í síðasta mánuði og heimsótti Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra þá skólan í fylgd Önnu Zalewska, menntamálaráðherra Póllands.

„Meðal þess sem ég ræddi þá við Önnu var einmitt að efla móður-

málmennun pólskra barna enda góður grunnur í móðurmáli mikilvæg undirstaða fyrir annað nám, ekki síst í íslensku,” segir Lilja og bætir við: „Þess vegna eru þessar fregnir af stöðu Justynu mikil hvatning fyrir mig til að greiða úr og leysa hennar vanda og annarra sem sinna mikilvægri þjónustu við börn ef erlendum uppruna.”

Lagafrumvarp er í undirbúningi í ráðuneyti Lilju um viðurkenningu á menntun og hæfi til að starfa hér á landi. Lilja segir að stöða Justynu ætti að breytast verði frumvarpið að lögum. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)



**Láttu þér batna**

**Veldu Panodil® sem hentar þér!**

Verkjastillandi og hitalækkandi




Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamol. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).




# Umhverfisvænasta ál í heimi

Íslenskt ál verður sífellt eftirsóttara meðal framleiðenda sem vilja draga úr kolefnisfótspori vöru sinnar. Hvergi í veröldinni er álframleiðsla jafn umhverfisvæn og hér á landi.

Orkan sem álfyrirtæki nota víða um heim er að mestu úr óendurnýjanlegum orkugjöfum eins og kolum og jarðgasi og framleiðslunni fylgir mikil losun gróðurhúsalofttegunda. Á Íslandi losnar allt að tífalt minna af CO<sub>2</sub> við orkuframleiðslu. Með grænni orku og framúrskarandi framleiðslutækni leggjum við mikið af mörkum til að minnka losun CO<sub>2</sub> á heimsvísu.

## Bein og óbein losun CO<sub>2</sub> hjá 15 stærstu álframleiðsluríkjum heims





# Rétta lesefnið



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Of er nauðsynlegt að berjast fyrir því sem manni er kært þannig að það eyðist ekki og hverfi. Þannig þurfa Íslendingar að standa vörð um íslenska tungu, vernda hana og hlúa að henni svo áfram þyki sjálfsgætt að tjá sig á íslensku. Þar hafa allir skyldur. Ekki hafa margir rækt þessa skyldu sína af jafn miklum krafti og elju og Eiríkur Rögnvaldsson prófessor sem nýlega hlaut Verðlaun Jónasars Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu fyrir hio mikilvæga framtak sitt. Í áratugi hefur hann verið óþreytandi við að benda á hætturarnar sem stöðja að tungumálinu meðal annars vegna áhrifa frá ensku sem er víða ráðandi, ekki síst í tölvu- og tækniheimum. Það er ekki eins og orð Eiríks hafi fallið í grytta jörð, á hann hefur verið hlustað og mark á honum tekið – þótt hér eigi það við, eins og svo oft áður, að ráðamenn hefðu átt að bregðast við mun fyrr. Barátta Eiríks á stóran þátt í því að mikilvægum áfanga hefur verið náð með samþykkt áætlunar um nýja máltekni til að styrkja stöðu íslenskunnar í stafærnum heimi.

Ef á að viðhalda íslenskunni þarf að halda að æsku landsins efni á þessu fallega máli okkar. Í viðtali hér í Fréttablaðinu sagði Eiríkur að það kæmi ekki í hlut fagurbókmennta að halda íslenskunni lifandi. Þetta er skemmtilega óeðlilegt viðhorf og hressilegt, um leið og það einkennist af skyndi og raunsæju mati. Eins og Eiríkur benti svo réttilega á í þessu sama viðtali verður efni að höfða til barna eigi að fá þau til að lesa. Víst er að höfði efni til barna eru þau tilbúin að leggja þó nokkuð á sig við lesturinn. Á hvert svolgruðu börn og unglíngar þessa lands í sig mörg hundruð blaðiður af Harry Potter og fengu aldrei nóg. Í gamla daga höfðu íslensk börn slíkt dálæti á íbúum Andabæjar að þau lögðu það á sig að lesa textann í dönsku Andrésblöðunum, og það af mun meiri áhuga og gleði en þau sýndu síðar á skólabekk þegar þeim var gert skylt að læra dönskuna.

Börn og unglíngar læðast að skemmtilegu og spennandi efni. Á degi íslenskrar tungu, síðastliðinn föstudag, kynnti verslunin Nexus nýja útgáfu á myndasögum á íslensku um sjálfan Batman. Þýðandinn Haraldur Hrafn Guðmundsson er á þeirri skoðun að ástæða þess að yndislestri barna og unglíngja hafi hrakað sé að ekki er nægilegt framboð á skemmtilegu lesefni fyrir þau. Hann leggur sitt af mörkum til að bæta úr því. Mógulegt er að Batman komi til bjargar, hann ætti allavega að hafa alla burði til þess, hafandi heillu umheiminn í áratugi.

Æska landsins á sína uppáhaldsrithöfundu eins og sést á vikulegum metsölulista Eymundssonar vikunar fyrir jól. Í síðustu viku voru tveir barnabækur í hópi tíu vinsælustu bóka landsins. Þitt eigið tímaferðalag eftir Ávar Þór Benediktsson sem hefur einstakt lag á því að laða börn að bókum og Fíasló gefst aldrei upp eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem á stóran aðdáendahóp meðal barna. Réttta lesefnið er þarna greinilega og því ber að halda að æsku landsins.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Rafmagnað ruglið...**  
Þriðji orkupakkinn virkar sem hundraðþúsund volta stuðtæki í pólitisku dægurþrasi enda jafn illskiljanlegur og atómhjód. Þessi virvafningur virðist aðallega gagnast Miðflokknum og lukkuriddurum í Sjálfstæðisflokknum. Þorri almennings og drjúgur hluti þingheims virðist aftur á móti hafa takmarkaðan áhuga á að greiða úr viraflekjunni. Þráhyggjusjúklingar með fullveldisárættu sjá Icesave-djófúllinn endurgenginn í pakknum og kæra sig sist af öllu um að opna hann á 100 ára fullveldisafmælinu þótt þeir geti í engu svarað því hvernig Íslendingar héldu meintu fullveldi eftir að hafa rífið utan af fyrsta og öðrum orkupakknum.

**... er eins og þaninn strengur**  
Fáum er jafn lagið að leika á taugar þjóðernissinna en einmitt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni sem nú hrópar varnaðarorð gegn pakknum. Hann hófst til pólitískra metorða á Icesave-bygjunni og eðlilega til í aðra umferð. Honum hefði að visu verið í lofa lagið að semja um undanþágur á sínum valdatíma en sýndi þá takmarkaðan áhuga. Sjálfsgætt enn eitt dæmið um fádæma framsýni og pólitíska snilligafu formanns Miðflokksins sem nú gripur tækifærið og tímasprengruna sem orkupakkinn er fyrir þeim aragrúa kjósenda sem óttast allt sem að utan kemur. Sérstaklega frá Brussel. thorarinn@frettabladid.is  
adalheidur@frettabladid.is

## Áfram íslenska



Lilja Alfreðsdóttir  
menntamála-  
ráðherra

Á degi íslenskrar tungu sl. föstudag kynnti ég vitundarvakningu um mikilvægi íslenskunnar. Sú þer yfirskriftina Áfram íslenska! og er ætlað að minna á að þróun og framfarir tungumálsins er á ábyrgð okkar allra. Vitundarvakning þessi er liður í fjölbreyttum aðgerðum stjórnvalda til stuðnings íslenskrri tungu og fyrsta aðgerðin sem tilgreind er í þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Þingsályktunin var samþykkt í ríkisstjórn í liðinni viku og verður brátt lögð fram á Alþingi.

Að undanförunu höfum við kynnt ýmsar aðgerðir til stuðnings íslenskunni sem meðal annars tengjast útgáfu bóka á íslensku, einkareknum fjölmiðlum og máltekni. Með þingsályktunartillögunni, og þeim 22 aðgerðum sem þar eru tilgreindar, er markmiðið að ná enn þá betur utan um það stóra og viðvarandi verkefni stjórnvalda að tryggja að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Sérstæða þjóðtunganar, gildi hennar og fjölbreytni er sá grunnur sem vitundarvakningin okkar byggir á.

Tíu aðgerðir í þingsályktunartillögunni tengjast íslensku menntakerfi með beinum hætti, t.d. aðgerð sem tengist því að efla skólalabásöfn og vinna áfram að bættu læsi. Íslendingum af erlendum uppruna og erlendum ríkisborgurum sem hér búa hefur fjlgjald verulega á síðustu árum. Við vitum að nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar verr í íslensku skólakerfi og eru líklegri til að hverfa frá námi. Því er brýnt að auðveldu aðfluttum Íslendingum, á öllum aldri, að ná tökum á íslensku máli. Jákvað umræða og fræðsla í samfélaginu um fjölbreytileika íslenskunnar er sérstaklega mikilvæg fyrir nýja málnotendur og eyða þarf forðumum og auka þolinmæði gagnvart íslensku með erlendum einkennum. Það verður mikilvægur liður í vitundarvakningunni.

Íslenskan er lifandi samskiptatæki og okkar sjálfsgöða mál. Vitundarvakning af þessu tagi þarf að eiga sér stað sem víðast í samfélaginu og því verður á næstunni leitað eftir viðtækum samstarfi um hana, m.a. við stofnanir, atvinnulíf og félagsamtök. Við getum öll tekið virkan þátt í því að þróa íslenskuna, móta hana og nýta hana á skapandi hátt. Framtíð íslenskunnar er í okkar höndum – og á okkar vörum.



Við getum öll tekið virkan þátt í því að þróa íslenskuna, móta hana og nýta hana á skapandi hátt.

# Simaveski.is



**Simaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.**

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



# Góð týpa

## Í DAG



Guðmundur Steingrímsson



**Þetta er ekki réttlátt ástand. Það er engin sanngirni fölginn í því að fólk missi lífsviðurværi sitt, vini og orðspor út af einu hliðarspori.**

**H**in vikulanga umræða um Banksy listaverkið hans Jóns Gnarr — eða borgarinnar, eftir því hvernig á það er litið — var um margt skemmtileg og athyglisverð. Í upphafi stefndi í að um miðlungsstórt hneykslismál yrði að ræða. Margir voru í þann mund að hlada í góða statusa á samfélagsmiðlum um spillingu og siðleysi. Símalínur útvarpsþátta voru byrjaðar að hitna. Var ekki maðurinn að draga að sér verðmæti í leyfisleysi? Svona verk er milljónavirði, sögðu spekulantar. Þá var upplýst að um eftirprentun væri að ræða, en ekki upprunalegt verk. Í raun væri þetta plakati. Við það hætti málið að vera hneykslismál og varð skyndilega að gagnmerkri umræðu um rétttrú og málfar. Sitt sýndist hverjum. Á maður að skrifa plakati með k-i eða g-i?

K-i, segi ég. En hvað um það. Það sem gerist næst finnst mér vera hið bitastæða í málinu og eitthvað sem má ræða aðeins betur, og rýna í samfélagslegu tilliti. Jón tók týpuna. „Ég ætla að farga þessu verki,“ hrópaði hann. Slipirotturinn var dreginn fram og verkið eyðilagt í beinni.

### Blæbrigðið vantar

Þessi viðbrögð eru frábær. Sjáðið til: Eitt helsta einkenni á samtima okkar

eru hin ofsafengnu hópbriðjælðisköst sem tekin eru á samfélagsmiðlum undir eins og einhver gerir eitthvað sem á einhvern hátt getur talist vafasamt. Eitt hliðarspor og fólk er tekið af lífi innan klukkustundar. Í viku hverri sjáum við dæmi um þetta. Þetta er orðinn fastur liður. Einhver gerir eitthvað rangt og bingó: Game over fyrir hann. Twitter-stormurinn hlífir engum sem lendir í honum. Það er eins og fólk sé skotið upp í loft og gert að lenda einhvers staðar úti í buskanum, án orðspors, án atvinnu, ringlað og með hárið út í loftið. Komid aftur á byrjunarreit. Sumir geta auðvitað sjálfum sér um kennit, en með öðrum getur maður ekki annað en fundið til. Er þetta alltaf nauðsynlegt? Birgitta Haukdal skrifar barnabók og skrifar hjúkrunarkona en ekki hjúkrunarfræðingur. Jú, jú. Auðvitað ekki rétt, en slökum samt aðeins á.

Á samfélagsmiðlum vantar blæbrigði. Þar er engin „tjá“ takki eða „ég veit ekki með þetta“ eða „úps, þetta mætti lagfæra“. Maður er bara hæst-ánægður, skellihljæjandi, kærlleiks-rikur, leiður eða reiður. Og ef einhver gerir eitthvað misjafnt, verða margir reiðir eða leiðir með tár í hvarmi. Áhrifamatturinn af því að nokkur hundruð manns á einum klukkutíma

verði bálræðir er gigantískur. Dómur hefur fallið. Þú átt ekki breik.

### Nýr veruleiki

Eða hvað? Hvernig er hægt að bregðast við þúsund reiðiköllum? Sumir auðvitað skammast sín, og það réttilega, og biðjast auðmjúklegra afsökunar á gjörðum sínum og lofa betrun. Aðrir þrífást á þessu, eins og sumir leiðtogar þjóðríkja og fagna hverjum stormi. En svo eru aðrir. Fólk sem hafði hugsað sér að grinast smá eða ætlaði með góðu hugarfari að gera eitthvað fallett og uppbyggilegt en notaði óvart vitlaus hugtök. Eða fékk sér of mikið í glas. Stormurinn gerir engan greinarmun. Hann slátr bara.

Þetta er ekki réttlátt ástand. Það er engin sanngirni fölginn í því að fólk missi lífsviðurværi sitt, vini og orðspor út af einu hliðarspori. Ég held að ákveðið ójafnvægi sé ríkjandi í samfélaginu út af þessu. Hin vikulega aftaka á Facebook er ný af nálinni. Viðbragðið við þessum veruleika er rétt að byrja að þróast.

### Að öskra á móti

Jón steig stórt skref með viðbragði sínu við storminum sem var að byrja gegn honum. Þetta var sem sagt plakati. Engu að síður hefði hann getað farið

illa út úr þessu. Jón kaus að öskra á móti. Það er tímamótaðskur. Spurningin blásir við: Getur verið að viðbragð af þessu tagi sé mögulega það sterkasta fyrir fólk í stöðunni, sé vegið að því af reiðiköllum samfélagsmiðlanna? Ætti Birgitta Haukdal kannski núna að segja hátt og snjallt með þjósti að hún skuli „þá bara farga öllum þessum bókum og aldrei skrifa stafkrók aftur“? Ætti Dagur borgarstjóri að rjúka til og eyðileggja Braggann? „Ég rústa honum þá bara,“ gæti hann hrópað í rokinu með höggbor að vopni. Ætti Guðni Th. að taka týpuna og einfaldlega sturta ananas yfir næstu pítsu sem hann pantar, gúffa í sig í beinni útsendingu á Instagram og hrópa milli munntanna að hann „skuli þá bara borða þennan fjarans ananas“? Og Theresa May. Hún ætti auðvitað núna að fara í þingid og æpa þar hátt og snjallt að hún ætli þá bara að „brenna þetta bévítans Brexit-samkomulag!“

Í hinu tilfinninga ójafnvægi Twitter-stormanna er líklega margt vitlausara en að mæti öpum með öpi. Að því sögðu vil ég að sjálfsgöngu lýsa því yfir að muni þessi afstaða min skapa almenna reiði á samfélagsmiðlum mun ég vitaskuld eyðileggja tölvuna mína með hjólsög og aldrei skrifa pistil aftur.

# Virkjum íslenska orku



Guðjón Brjánsson alþingismaður

eldri borgara fyrir ásættanlegum kjörum og umgjörð í lífeyriskerfinu hefur staðið lengi. Þessum tveimur höpum er mismunandi í kerfinu, þeir sitja ekki við sama borð og það er áhyggjuefni fyrir samfélagið og gengur ekki upp.

### Ekki allir

Sem betur fer býr hluti eldri borgara við ágæt skilyrði á eftirlaunum og þarf ekki frekari fyrirgreiðslu hvað varðar efnahag. Þessi hópur er hins vegar enn sem komið er í minnihluta og við þurfum að setja alla okkar krafta í að bæta aðstæður þeirra sem búa við mjög kröpp kjör, hafa ráðstöfunartekjur sem eru undir skilgreindum framfærslumörkum og lifa við sára fátækt og niðurlægjandi aðstæður.

### Starfsgetumat

Starfsgetumat er hugtak sem mikið

er til umfjöllunar í umhverfi öryrkja. Stjórnvöldum er talsvert í mun að koma þessu matskerfi á laggirnar en í hópi öryrkja eru settir miklir fyrirvarar í ljósi þeirrar reynslu sem þekkt er erlendis frá. Hugmyndafræðin að baki starfsgetumati er í grunninn jákvæð en þar er fremur horft á styrkleika viðkomandi en ekki einblint á veikleika, það sem viðkomandi getur ekki. Það er hins vegar sveigjanleikinn og afkomu-öryggi sem öryrkjar óttast og að fiskur liggja undir steini hjá stjórnvöldum og vinnuarkaði. Þessari tortryggni þarf að eyða en það tekur tíma.

### Allir vinna

Ég vil leggja til eftirfarandi tillögu: Að stjórnvöld leiti leiða til samkomulags við öryrkja um að farið verði í tilraunaverkefni í 2-3 ár og niðurstaðan og reynslan metin

ad því loknu. Þannig verði „króna á móti krónu“ skerðingin aflögð strax en þeim lífeyrisþegum sem tók hafa á heimilað að afla launatekna án þeirra skelfilegu og grimmu skerðinga sem þeir hafa búið við til þessa. Avinnurinn er að minnu mati augljós. Atvinnulíflið fær aukinn mannafla til starfa, starfskraftar öryrkja og eldri borgara nýstast á uppbyggilegan hátt og afkoman batnar. Ríkið fær í sinn hlut aukna skatta og tekjur með betri skilum en fyrr.

### Blóm í haga

Eitt er víst að áfram verður ekki haldið á sömu braut. Öryrkjum fjölgr stöðugt og sennileg talsvert meira en gengur og gerist í nágrennalöndunum. Sömuleiðis horfum við fram á öldrun þjóðarinnar og á næstu árum og áratugum mæta fjölmennir hópar eldri borg-



**Þannig verði „króna á móti krónu“ skerðingin aflögð strax en þeim lífeyrisþegum sem tók hafa á heimilað að afla launatekna án þeirra skelfilegu og grimmu skerðinga sem þeir hafa búið við til þessa.**

ara til leiks. Okkar stóra áskorun verður að finna þessum höpum virkan farveg í samfélaginu í stað þess hlutskiptis að stjaja hjá, hnippinn í fásinni og vanrækt um hringsíðu mannlífis þar sem þeir að sjálfsgögu eiga heima.

# FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Glæsilegur og vel útbúinn pallbíll með 3.0 lítra, 258 hestaflo, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakmyndavél, fjarlægðarskygnara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

**Volkswagen Amarok**  
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þræpa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

**Volkswagen Crafter**  
verð frá **6.270.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjörhjóladrífinn og í fjölda útfærslna.

**Volkswagen Caddy**  
verð frá **2.720.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólkum sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjörki. Fullkomin stöðugleikastyring, spólvörn og sjö þræpa sjálfskipting.

**Volkswagen Transporter**  
verð frá **4.390.000 kr.**



**Atvinnubílar**







Helena Sverrisdóttir var að venju stigahæst í íslenska liðinu. Tuttugu stig hennar dugðu þó skammt gegn Slóvakíu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

## Sama mynstrið heldur áfram

Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætti Slóvakíu í næstíðasta leik sínum í undankeppni EM 2019 í Laugardalshöllinni á laugardaginn. Sams konar hefur verið í leikjum liðsins í undankeppninni.

**KÖRFUBOLTI** Þeir sem horft hafa á alla leiki íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta til þessa í undankeppni EM 2019 hafa líklega fengið endurhvarf þegar þeir mættu í Laugardalshöllina og sáu íslenska liðið mæta Slóvakíu.

Sama leikmynd og þróun hefur verið í öllum leikjum liðsins í þessari undankeppni. Leikmenn íslenska liðsins sýna góða baráttu í þrjú leikhliða, Helena Sverrisdóttir ber hitann og þungann í sóknarleiknum og andstæðingurinn siglir öruggum sigri þægilega í land í lokakaffa leiksins.

Ísland spilaði góða vörn fyrstu þrjú leikhliða leiksins og leikmenn hjálpuðust vel að í varnarleiknum. Þær náðu að halda þeim slóvakísku í skefjum og sóknarleikurinn gekk bara nokkuð smurt. Þegar liða tók á leikinn fór hins vegar eðlilega að draga af Helenu sem hafði verið tvidekkud megnið af leiknum og við það fjaraði undan leik íslenska liðsins.

